

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárvallahreppi árið 2002.

1. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 44/2002 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 2002, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	kr.
a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli m.v. 1 poka á viku	8.854
b) Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki	4.427
c) Sumarhús	2.952
d) Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margf. í gámum)	8.854
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald (aðg. að sorphaugum), þar sem fyrirtækin annast sjálf leigu gáma og flutning á urðunarstað. Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.	33.133

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps 17. janúar 2002 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir fyrir árið 2002. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána 26. febrúar 2002.

Hellu, 28. febrúar 2002.

F.h. hreppsnefndar Rangárvallahrepps,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.